



Erindisbréf fyrir mannauðsteymi

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Markmið

Að efla og samhæfa starf sambandsins að mannauðsstjórnun sveitarfélaga.

Leiðarljós

Að nýta sem best þekkingu og reynslu starfsmanna sambandsins, þvert á svið, við ráðgjöf á sviði starfsmannamála og mannauðsstjórnunar og leitast þar með við að gera stjórnendur sveitarfélaga hæfari til að vinna með og virkja mannauð fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga.

Helstu hlutverk

Undirbúa starfsáætlun og aðra stefnumótun sambandsins á sviði mannauðsstjórnunar sveitarfélaga.

Samhæfa starf kjarasviðs að mannauðsstjórnun fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga og starf þróunar- og alþjóðasviðs og annarra sviða að fræðslu til kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga.

Vera yfirstjórn sambandsins til ráðgjafar við úrlausn mála tengdum mannauðsstjórnun sveitarfélaga.

Leita eftir samstarfi við aðila sem vinna að mannauðsstjórnun svo sem starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, háskóla og sjóði og stofnanir sem styðja við símenntun starfsmanna sveitarfélaga.

Hafa yfirsýn yfir og vekja athygli á þróun og breytingum í málum tengdum mannauðsstjórnun sveitarfélaga innanlands og erlendis, m.a. með upplýsingum á heimasíðu sambandsins og í gegnum tengslanet mannauðsstjóra sveitarfélaga.

Vera til ráðgjafar við undirbúning kjarasamninga og annarra viðburða á sviði mannauðsstjórnunar sveitarfélaga og fræðslu til kjörinna fulltrúa sveitarfélaga.

Staðsetning í stjórnskipulagi – þátttakendur og fundir

Mannauðsteymið gengur þvert á svið. Sviðsstjórar þróunar- og alþjóðasviðs og kjarasviðs ásamt mannauðssérfræðingi kjarasviðs eiga fast sæti í teyminu. Föstu fulltrúarnir kalla aðra starfsmenn sambandsins til þátttöku eftir þörfum.

Mannauðssérfræðingur undirbýr og stýrir fundum. Hann sér um að gengið sé frá fundargerðum og fylgist með að mál séu leidd til lykta. Fundir skulu haldnir eftir þörfum.

Mál: 0911033SA - Samþykkt á sviðsstjórafundi 8. febrúar 2010.

Teymi sambandsins eru til að efla og samhæfa starf og þjónustu sambandsins þvert á svið þess.